

80

16. apríl

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 36. gr. laganna komi: Á skattskrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina tekjuskatt, eignarskatt og skattupphæðir samtals.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 16. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

81

26. apríl

TILSKIPUN

um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 31. gr. siglingalaga frá 30. nóvember 1914 viljum Vér skipa svo fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum:

1. gr.

Bátur eða skip, hverju nafni sem nefnist og skoðunarskylt er að lögum, skal jafnan hafa lyfjaskrín meðferðis, þannig búið að lyfjum, umbúðum og áhöldum og að öðru leyti svo úr garði gert, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari.

2. gr.

Lyfjaskrín skulu vera fernskonar, og í hverju skríni lyf, umbúðir og áhöld, sem hér greinir:

Lyfjaskrín I.

A. Lyf til útvortis notkunar.

1. Joðáburður (Solutio jodi spirituosa, Ph. D.), grm. 20: 1 glas.
2. Gult vaselin (Vaselinum euflavini, D. D.), grm. 30: 1 tinbelgur.

B. *Umbúðir.*

1. Heftiplástur 2 cm. $\times$ 1 m.: 1 spóla.
2. Sáralsbindi 5 cm. $\times$ 5 m.: 4 bindi.
— 8 cm. $\times$ 5 m.: 2 bindi.
3. Sjúkrabaðmull 10 grm.: 4 böggjar.
— 30 grm.: 2 böggjar.

C. *Áhöld.*

1. Skæri, 12 cm. úr krómstáli.

Lyfjaskrín II.

A. *Lyf til innvortis notkunar.*

1. Hitatölur (Tablettae acidi acetylsalicylici, Ph. D.) $\times$ XX: 2 glös.
2. Ópiumsdropar (Tinctura thebaica, Ph. D.) grm. 20: 1 glas.

B. *Lyf til útvortis notkunar.*

1. Bensín, grm. 100: 2 glös.
2. Joðáburður (Solutio jodi spirituos, Ph. D.) grm. 20: 5 glös.
3. Bórsýrutölur (Tablettae acidi borici) grm. 1,5 $\times$ XX: 1 glas.
4. Gult vaselín (Vaselinum euflavini, D. D.) grm. 30: 5 tinbelgir.

C. *Umbúðir.*

1. Heftiplástur 2 cm. $\times$ 1 m.: 2 spólur.
— 5 cm. $\times$ 1 m.: 1 spóla.
2. Sáralín 15 cm.: 2 böggjar.
— 30 cm.: 2 böggjar.
— 1 m.: 2 böggjar.
3. Sáralsbindi 5 cm. $\times$ 5 m.: 12 böggjar.
— 8 cm. $\times$ 5 m.: 6 böggjar.
— 12 cm. $\times$ 5 m.: 4 böggjar.
4. Gúmdúkur 50 cm.
5. Sjúkrabaðmull grm. 10: 12 böggjar.
— grm. 30: 6 böggjar.
— grm. 60: 4 böggjar.
6. Lásnælur, ýmsar stærðir: 12 stk.

D. *Áhöld.*

1. Mælikanna úr gleruðu pjátri með mælistrikum og vör, 100 cm.³
2. Sótthitamælir.
3. Hnifur, 15 cm. úr krómstáli.
4. Skæri, 15 cm. úr krómstáli.
5. Flísatöng, 15 cm. úr krómstáli.

Lyfjaskrín III.

A. *Lyf til innvortis notkunar.*

1. Hitatölur (Tablettae acidi acetylsalicylici, Ph. D.) $\times$ XX: 10 glös.
2. Ópiumsdropar (Tinctura thebaica, Ph. D.) grm. 20: 5 glös.
3. Hóstadropar (Linctus Pimpinellae thebaicus, D. D.) grm. 50: 10 glös.

81

26. apríl

4. Sveftölur (Tablettaa acidi diaethylbarbiturici, Ph. D.) $\times$ X: 1 glas.
5. Hægðaber (Pilulae Frangulae compositae, Ph. D.) $\times$ XX: 2 glös.
6. Karlsbaðstölur (Tablettaa salis Carlsbadensis artificialis) grm. 1 $\times$ XX: 4 glös.
7. Laxerolia (Oleum Ricini, Ph. D.) grm. 50: 5 glös.
8. Sódatölur (Tablettaa natrii bicarbonatis) grm. 1 $\times$ XX: 4 glös.
9. Vismúttölur (Tablettaa bismuthi subsalicylatis, D. D.) $\times$ XX: 4 glös.
10. Brómtölur (Tablettaa bromisovalis, D. D.) $\times$ XX: 1 glas.
11. Kamfórudropar (Aether spirituosus camphoratus, Ph. D.) grm. 10: 5 glös.
12. Sandeloliubelgir (Capsulae aetherolei Santali, D. D.) $\times$ XL: 5 þjaturöskjur.

B. *Lyf til útvortis notkunar.*

1. Bensín, grm. 100: 10 glös.
2. Joðáburður (Solutio jodi spirituosa, Ph. D.) grm. 20: 25 glös.
3. Joðglyserín (Glycerinum jodi, D. D.) grm. 50: 2 glös.
4. Bórsýrutölur (Tablettaa acidi borici) grm. 1,5 $\times$ XX: 5 glös.
5. Gult vaselín (Vaselinum euflavini, D. D.) grm. 30: 25 tinbelgir.
6. Álúnsedik (Solutio aluminii subacetatis, Ph. D.) grm. 50: 10 glös.
7. Gular tölur (Tablettaa euflavini boricae) grm. 0.20 $\times$ XX: 1 glas.
8. Kresólsápulögur (Liquor kresoli saponatus, Ph. D.) grm. 30: 10 glös.
9. Zinkvaselín (Vaselinum zincicum lanolinatum, D. D.) grm. 30: 10 tinbelgir.
10. Gigtaráburður (Balsamum mentholi compositum, Ph. D.) grm. 30: 10 tinbelgir.
11. Augndropar (Oculoguttae zinci sulfatis boricae, D. D.) grm. 10: 2 glös.
12. Tanndropar (Eugenolum, Ph. D.) grm. 5: 2 glös.
13. Lekandatölur (Tablettaa kalii permanganati 0,15) $\times$ XX: 2 glös.
14. Gyllinistautar (Suppositoria hæmorrhoidalia, D. D.) $\times$ XII: 2 öskjur.
15. Klóretýl (Aethyli chloridum, Ph. D.) grm. 30: 2 goshyllki.

C. *Umbúðir.*

1. Heftiplástur, 2 cm. $\times$ 1 m.: 10 spólur.
— 5 cm. $\times$ 1 m.: 5 spólur.
2. Sárалín, 15 cm.: 10 böggjar.
— 30 cm.: 10 böggjar.
— 1 m.: 10 böggjar.
3. Sárалínsbindi, 5 cm. $\times$ 5 m.: 60 böggjar.
— 8 cm. $\times$ 5 m.: 30 böggjar.
— 12 cm. $\times$ 5 m.: 20 böggjar.
4. Gúmdúkur, 2½ m.
5. Sjúkrabaðmull, grm. 10: 60 böggjar.
— 30: 30 böggjar.
— 60: 20 böggjar.

6. Flónelsbindi, 8 cm. $\times$ 5 m.: 4 stk.
7. Lérefitsdúkur, 1 m. $\times$ 1 m.: 2 stk.
8. Pappaspelkur, 6 cm. $\times$ 4 mm. $\times$ 50 cm.: 2 stk.
— 10 cm. $\times$ 4 mm. $\times$ 50 cm.: 2 stk.
9. Pungband nr. 2.: 2 stk.
— nr. 4.: 2 stk.
10. Skinnneglur, misstórar: 6 stk.
11. Lásnælur, ýmsar stærðir: 60 stk.

81

26. apríl

D. Áhöld.

1. Mælikanna úr gleruðu pjátri með mælistrikum og vör, 100 cm.³
2. Sótthitamælar: 2 stk.
3. Hnífur, 15 cm. úr krómstáli.
4. Skæri, 15 cm. úr krómstáli.
5. Sáratöng, 15 cm., úr krómstáli (með göddum).
6. Flísatöng, 15 cm. úr krómstáli.
7. Æðatöng, 12 cm. úr krómstáli (Kochers).
8. Saumnálar, stærðir 2—4: 4 stk.
9. Silkigarn nr. 3: 5 metrar, dauðhreinsað í sóttvarnarlegi, í glerhylki með gúmtappa og skrúfuðu loki: 2 glerhylki.
10. Naglaburstar: 2 stk.
11. Stútkanna úr postulíni.
12. Lekandasprauta úr gleri og hörðu gúmi: 2 stk.
13. Nelatons þvagleggur, stærð 18.
14. Hægðaskál úr gleruðu pjátri.
15. Þvagglas úr gleri.
16. Hrákakanna úr gleruðu pjátri.
17. Gúmhitapoki, 1½ lítri.
18. Lyfjaglös 50 cm.³: 5 stk.
— 100 cm.³: 5 stk.
— 200 cm.³: 5 stk.
19. Lyfjamiðar, hvítir: 25 stk.
— bláir: 25 stk.
20. Tappar: 25 stk.

Lyfjaskrín IV.

Eins og III, nema tvöfalt meira af öllum tegundum lyfja og áhalda (en af umbúðum jafnmikið).

Landlæknir segir nánar fyrir um samsetningu lyfjanna, umbúnað þeirra og áletrun, svo og um gerð umbúða og áhalda.

Lyfjaskrín I skal vera hæfilega stór pjáturstokkur, með loki á hjörum og svo umbúið, að það, sem í því er, sé sem bezt varið fyrir vætu.

Lyfjaskrín II, III og IV skulu vera hæfilega stórir trékassar hólfaðir í sundur þannig, að hver lyfjategund sé sér í hólfi, umbúðirnar sér og áhöldin

81 sér, og svo umbúið, að sem minnst haggist við hreyfingu skipsins. Í stað 26. apríl lyfjaskrína II, III og IV má útbúa fasta skápa á hentugum stöðum í skipunum, enda séu þeir hólfaðir sundur á svipaðan hátt og fyrir er mælt um kassana. Lyfjaskrín II, III og IV skulu vera læst með lykli, og lykillinn í vörzlum skipstjóra eða stýrimanns, sem af skipstjóra er falið að hafa umsjón með lyfjaskríninu.

Hvert lyfjaskrín skal tölumerkt sinni tölu.

3. gr.

Hverju lyfjaskríninu, II, III, IV, skal fylgja eitt eintak af lækningakveri fyrir farmenn, sem landlæknir lætur semja og gefur út.

4. gr.

Bátar og skip skulu hafa lyfjaskrín sem hér segir:

1. Róðrabátar, vélbátar og önnur skip skulu hafa lyfjaskrín I, nema þau falli undir ákvæði síðari töluliða þessarar greinar.
2. Skip, sem hafa yfir 8 skipverja, eða eru að jafnaði lengur en sólarhring í senn úr höfn eða stunda farþegaflutning milli hafna, skulu hafa lyfjaskrín II, nema þau falli undir ákvæði síðari töluliða þessarar greinar.
3. Skip, sem hafa yfir 20 skipverja, eða eru að jafnaði yfir viku í senn úr höfn, eða flytja að jafnaði farþega svo tugum skiptir milli hafna, eða fara að jafnaði milli landa, skulu hafa lyfjaskrín III, nema þau falli undir ákvæði síðasta töluliðs þessarar greinar.
4. Farþegaskip, sem ganga að jafnaði milli landa, skulu hafa lyfjaskrín IV.

5. gr.

Er lögboðin aðalskoðun skips fer fram, skal lyfjaskrín skipsins sérstaklega athugað af skoðunarmönnum, og skulu þeir gæta þess, að það sé búið lyfjum, umbúðum og áhöldum samkvæmt fyrirmælum þessarar tilskipunar. Þegar um lyfjaskrín III og IV er að ræða, skal héraðslæknir skoða skrínið og gefa vottorð um, er lagt sé fyrir skoðunarmenn. Athugunar lyfjaskríns skal sérstaklega getið í skoðunarbókinni.

6. gr.

Jafnan þegar eytt er til muna úr lyfjaskríninu skips af einhverju lyfi eða umbúðum, skal skipstjóri sjá um, að viðbót sé fengin, þegar er því verður við komið, og ekki lagt í ferð úr höfn, þar sem er lyfjabúð eða læknir, nema þessa sé gætt.

7. gr.

Þegar um mjög stór farþegaskip er að ræða eða um óvenjulegan farþegaflutning milli landa á öðrum skipum en farþegaskipum, eða ef gera má ráð fyrir, að skip verði óvenjulega lengi úr höfn, eða ef skip siglir til hitabeltislanda, eða til annara staða, þar sem hætta er á sérstökum sóttum, skal

taka meiri forða lyfja og umbúða í lyfjaskrín skipsins en annars er fyrir **81** mælt, og jafnvel bæta nauðsynlegum lyfjategundum við, hvorttveggja eftir 26. apríl nánari fyrirmælum héraðslæknis, er þá skal jafnan tilkvaddur.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og fellur þá jafnframt úr gildi tilskipun um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum 1. desember 1924, svo og tilskipun um viðauka við nefnda tilskipun nr. 13 frá 15. apríl 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 26. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

82

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

26. apríl

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt álagðan 1936, samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal eigi innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1936 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921, sbr. og lög nr. 73 29. desember 1934, um breyting á þeim lögum), ávaxtasafa og berjasafa, gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sóðavatni, tegrasi, unnu og óunnu tóbaki, hverskonar sem er, tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum), öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði, kakódeigi, kakódufti, kakóbaunum, öllum teg-